



Innra mat í Grunnskólanum á Ísafirði skólaárið 2022-2023

JÚNÍ 2023

ÁBYRGÐARMAÐUR: HELGA S. SNORRADÓTTIR

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um sjálfsmat skóla	2
Aðferðir við sjálfsmat skólans	3
Framgangur umbóta frá fyrra ári	4
Matsáætlun skólans 2022-2023.....	4
Niðurstöður	4
Nám – námsárangur, kröfur og námsmat	4
Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	6
Starfsfólk – starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf	7
Aðbúnaður	8
Samstarf heimila og skóla	9
Samantekt	9
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024.....	10

Inngangur

Skólinn heitir Grunnskólinn á Ísafirði og er að Austurvegi 6, Ísafirði. Húsið er þrjár byggingar sem tengdar eru saman. Haustið 2008 var tekin í notkun nýbygging sem byggð var við skólann, að hluta til utan um elsta skólann, gamla barnaskólann. Þar eru nú allar verkgreinastofur auk þriggja almennra kennslustofa og bókasafns. Skólinn var settur í fyrsta sinn 1874 og hefur því starfað óslitið í 149 ár. Rekið er frístundastarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk í samstarfi við Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar, Héraðssamband Vestfirðinga og Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Einkunnarorð skólans, sem endurspeglast í öllu starfi hans eru virðing, samhugur og menntun.

Virðing: Í skólanum okkar ríkir virðing fyrir eigum, skoðunum og sérstöðu hvers og eins.

Samhugur: Í skólanum okkar ríkir gleði og vellíðan. Við finnum fyrir samstöðu og trausti, hjálpumst að og erum örugg.

Menntun: Í skólanum okkar ríkir vinnugleði, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og virk uppbygging. Við höfum metnað, sköpunargleði, ábyrgð og kraft til að gera okkar besta.

Í lok maí 2023 voru nemendur skólans 383

- 1.bekkur 40 nem. – 2 bekkjadeildir
- 2.bekkur 46 nem. – 3 bekkjadeildir
- 3.bekkur 31 nem. – 2 bekkjadeildir
- 4.bekkur 24 nem. – 1 bekkjardeild
- 5.bekkur 47 nem. – 2 bekkjadeildir
- 6.bekkur 46 nem. – 2 bekkjadeildir
- 7.bekkur 43 nem. – 2 bekkjadeildir
- 8.bekkur 34 nem. – 1 hópur (teymiskennsla)
- 9.bekkur 39 nem. – 2 hópar
- 10.bekkur 33 nem. – 2 hópar

Um sjálfsmat skóla

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Skipulag innra mats í Grunnskólanum á Ísafirði byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og stefnt að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr.91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Í vetur var sjálfsmatsteymi skólans skipað þeim Helgu S. Snorradóttur, aðstoðarskólastjóra, Ingu Báru Þórðardóttur, námsráðgjafa og Magnúsínu L. Harðardóttur, sérkennara. Fundir voru að jafnaði á 4 vikna fresti til að móta áætlun og fylgja því eftir að hver matsþáttur hafi verið tekinn fyrir, áætlun gerð, mat lagt fyrir, markmið skilgreind og úrbótaáætlun samin. Allir starfsmenn skólans komu að vinnu við sjálfsmatið með þátttöku í könnunum og gæðagreinum, fundum og viðtölum, auk þess sem foreldrar og nemendur voru spurðir álit á ýmsum þáttum skólastarfsins.

Aðferðir við sjálfsmat skólans

Frá haustinu 2018 hafa grunnskólar Ísafjarðarbæjar notast við Gæðagreina, sem er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School*. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt Gæðagreinar í íslensku þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá Gæðagreinar 2. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, sú útgáfa kallast *How good is our school, 4*. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni og gaf út íslensku þýðinguna „Hversu góður er grunnskólinn okkar?“ sem grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota. Aðferðafræðin við matið byggir á lýðræðislegum skipulögðum samræðum og fellur því vel að öðrum áhersluþáttum skólastarfsins svo sem Uppeldi til ábyrgðar, Leiðsagnarnámi og áherslu á nemendalýðræði.

Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnagjöf á bilinu 1-6. Einkunnakvarðinn er skilgreindur þannig:

Heildarstig matsþáttar	Lýsing á viðmiði
5,0 – 6,0	Mjög góð staða, framúrskarandi og leiðandi gæði á landsvísu.
4,0 – 4,9	Góð staða og mjög margir styrkleikar sem einkenna matsþáttinn. Nokkrir þættir sem þarfnast umbóta.
3,0 – 3,9	Aðeins fleiri styrkleikar en veikleikar, grípa þarf til aðgerða á þeim þáttum sem þarfnast umbóta.
1,0 – 2,9	Óviðunandi staða, veikleikar mun fleiri en styrkleikar. Matsþáttur þarfnast tafarlausra umbóta.

Auk gæðagreina er stuðst við niðurstöður kannanna, prófa, viðtala og þinga við sjálfsmat skólans, en nemendaping er haldið annað hvert ár og verður næst 29.febrúar 2024.

Framgangur umbóta frá fyrra ári

Nokkuð vel tókst að vinna samkvæmt umbótaáætlun fyrra árs og margir þættir sem eru og verða enn í vinnslu á næsta skólaári, s.s. betri árangur í Lesferli, meiri nýting á Mentor, fjölbreyttara námsmat og markvissari endurgjöf. Því miður virðist einelti vera að aukast samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins, en þó hefur tilkynningum til eineltisvarnateymis fækkað á milli ára. Nýting á mótuneyti hefur aukist og svo og ánægja með það, en þó er enn ástæða til að gera betur.

Skýrsla um innra mat var send öllum foreldrum til kynningar þann 7.september 2022 og sett inn á heimasíðu skólans.


Matsáætlun skólans 2022-2023

Samkvæmt matsáætlun skólans voru eftirfarandi þættir til skoðunar á þessu skólaári

Matsþættir	Matstæki
Nám – námsárangur, kröfur og námsmat	Talnalykill, Lesferill, Gæðagreinir fyrir nemendur
Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	Tengslakannanir, Skólapúls
Starfsfólk – starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf	Starfsmannasamtöl, teymi starfsmanna, leiðsagnarnám, haustnámskeið, Gæðagreinar
Aðbúnaður	Starfsmannasamtöl, Gæðagreinar og ábendingamappa
Samstarf heimila og skóla	Skólapúls foreldra, fundir foreldrafélags, fundir skólaráðs, foreldradagar

Niðurstöður

Nám – námsárangur, kröfur og námsmat



Samkvæmt niðurstöðum Lesferils eru þrír árgangar skólans sem ná landsmeðaltali, en markmið okkar er að allir nái því. Allir árgangar náðu 1. viðmiði.

Talnalykill var lagður fyrir í 3. og 6. bekk. Mælitölur prófsins gefa til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við nemendur í sama árgangi eða bekk í einstökum þáttum stærðfræðinnar. Stærðfræðikennarar rýndu í niðurstöður og í framhaldi af því var unnið með niðurstöður til frekari framgangs.

Niðurstöður Lesferils og Talnalykils sýna að ekki er marktækur kynjamunur á árangri nemenda í þessum tveimur prófum.

Gæðagreinir 2.1 var lagður fyrir nemendur unglingsstigs þar sem spurt var um námsreynslu nemenda.

Spurning/fullyrðing	Einkunn
Ég er áhugasamur og virkur þátttakandi í mínu námi	4,0
Ég tek virkan þátt í eigin námi og þroska og sýni vaxandi færni í námi	4,0
Ég fæ góða endurgjöf sem gerir mig meðvitaða/n um framfarir mínar og styrkleika sem námsmanns	3,7
Ég er ábyrg/ur og legg mitt af mörkum í skólastarfi og til samfélagsins	4,0
Í okkar skóla er komið fram við nemendur á jafnréttisgrundvelli og af sanngirni og virðingu	3,7
Næstum allir nemendur taka góðum framförum í námi og ná almennum árangri	3,4
Það er leitað eftir sjónarmiðum okkar nemenda og komið til móts við okkur	3,6
Ég er mjög ánægð/ur með það sem skólinn hefur að bjóða	3,5
Mér finnst nemendur vera metnir að verðleikum og hafa eðlileg tækifæri til að koma fram með okkar skoðanir og tekið er tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar í skólanum	3,7
Nemendur eru farsælir, sjálfsöruggir og ábyrgir og gefa mikið af sér í skólanum og í samfélaginu	3,4
Nemendum finnst þeir öruggir og heilbrigðir, ná árangri, vera virkir og ábyrgir þátttakendur sem njóta virðingar og hjálpa til við að rækta þessa eiginleika hjá öðrum	3,6

Einkunn gæðagreinis í heild er **3,7** sem er nokkuð nálægt markmiði, en samt ástæða til að bregðast við lægstu þáttunum.

Varðandi kröfur og námsmat, þá eru þeir þættir í sífelldri endurskoðun og vinnslu samkvæmt ákveðnu ferli leiðsagnarnáms, þar sem áhersla er á virkt símat til nemenda.

Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf

Tengslakannanir eru tæki til að kanna félagstengsl nemenda og fá þannig mynd af félagslegum tengslum í bekk og/eða árgöngum. Slíkar kannanir geta gefið vísbendingu um félagslega stöðu, vinsældir, höfnun, trygg sambönd, einelti o.fl. Þegar niðurstöður liggja fyrir er mikilvægt að grípa til aðgerða sem miða að því að bæta og auka tengsl einstaklinga í hópnum.

Tengslakannanir eru lagðar fyrir í skólanum í það minnsta tvisvar á ári, en oftar ef þurfa þykir. Námsráðgjafi hélt utan um samantektir og gætt var að því að grípa inn í mál hjá nemendum ef ástæða þótti til.

Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,0	169	-0,1	4,3	18.805	-0,3*
1.2. Þrautseigja í námi	3,4	170	0,2	4,4	18.898	-1,0*
1.3. Áhugi á stærðfræði	3,7	171	0,2	4,7	19.161	-1,0*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,2	171	0,0	4,4	19.153	-0,2
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,8	170	0,2	4,3	18.885	-0,5*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,1	168	0,0	4,8	19.102	-0,7*

Samkvæmt niðurstöðum Skólalámsins eru nemendur í 6. – 10. bekk skólans heldur undir landsmeðaltali, en þrjú þættir sem hafa þó aðeins hækkað frá síðasta ári.

Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,9	168	0,1	4,2	18.810	-0,3*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,9	167	-0,1	4,2	18.779	-0,3*
2.3. Velliðan	4,0	167	0,1	4,3	18.993	-0,3*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	37	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,9	168	0,0	5,8	18.957	0,1
2.6. Tíðni eineltis	20,0%	33/165	3,8%	15,0%	2925/18895	5,0%
2.7. Staðir eineltis	-	31	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	36,0%	58/161	-0,5%	44,8%	8301/18484	-8,8%*
2.9. Hollt mataræði	4,4	167	0,1	4,6	18.662	-0,2

Samkvæmt skólalámsi nemenda eru niðurstöður nokkuð undir meðaltali varðandi hreyfingu og einelti. Taka verður tillit til þess að fjöldi svarenda varðandi tíðni eineltis eru einungis 33/165 eða 20%, sem er ómarktækt, þó niðurstöður gefi vísbendingar um slæma stöðu. Þetta er ekki í takt við

tilkynningar til eineltisvarnateymis, sem hefur fækkað úr 7 (2021-2022) í 4 (2022-2023). Eins er með tíðni hreyfingar, þar sem 58/161 svara eða 36% og því ber að taka þær niðurstöður með fyrirvara, þó þær gefi vísbendingar.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	167	0,0	4,7	18.627	-0,2*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,6	167	0,6	4,7	18.844	-0,1
3.3. Agi í tímum	4,4	167	0,1	4,8	18.801	-0,4*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,1	167	0,0	4,8	18.741	-0,7*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,3	167	0,1	4,8	18.759	-0,5*

Hér er gaman að sjá að samband nemenda við kennara fer upp á við. Við erum samt nokkuð undir meðaltali á landsvísu með aðra þætti og höfum verið það undanfarin ár.

Í vetur fengum við Elísabetu Lorange, listmeðferðarfræðing, til að koma í tvær heimsóknir til okkar í 5. og 8. bekk, bæði í hópa og einstaklingsviðtöl. Elísabet vann með samskipti, tengsl og tilfinningalega tjáningu í 5. bekk, en tilfinningalega úrvinnslu, ofbeldi/afleiðingar ofbeldis og traust í 8. bekk. Elísabet skilaði skýrslu sem nýtt er til áframhaldandi vinnu varðandi þessi mál.

Starfsfólk – starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf Gæðagreinir 3.1 var lagður fyrir starfsfólk, en hann fjallar um virkni, áhugasemi, endurmenntun, skyldur og metnað starfsmanna til að veita góða menntun og stuðla að gæði skólastarfsins. Einnig er metinn stuðningur við starfsmenn og hvernig þeir fá að njóta sín.

Heildareinkunn gæðagreinisins var **4,2**.

Styrkleikar: Fjölbreytileiki í mannauði og jákvæð afstaða til starfsumhverfisins.

Veikleikar: Fylgjumst ekki nógu vel með hvað aðrir eru að gera hér innanhúss, vantar fleiri fagnámskeið og meiri stuðning í gegnum skólaskrifstofu.

Tillögur um aðgerðir: Fleiri fagleg námskeið, kynna betur fyrir hverju öðru hvað við erum að gera og nýta okkur sóknarfæri í samstarfi við atvinnulífið.

Gæðagreinir 5.6 var lagður fyrir starfsfólk en hann fjallar um jafnrétti og sanngirni; virkni og þátttöku allra, virðingu, jöfn tækifæri og jafnan aðgang nemenda, foreldra og starfsmanna og hversu vel við beinum sjónum okkar að þeim nemendum sem eiga erfitt uppdráttar.

Heildareinkunn gæðagreinisins var **4,4**.

Styrkleikar: Við fögnum og styðjum við margbreytileikann og allir eiga sama rétt.

Veikleikar: Úrræðaleysi þegar nemendur vilja ekki gera það sem þeir eiga að gera.

Tillögur um aðgerðir: Að endurmeta/endurskipuleggja sérkennslu.

Gæðagreinir 7.2 var lagður fyrir starfsfólk en hann fjallar um nýtingu mannafla og teymisvinnu; samstarf, sameiginlegar ákvarðanir, skýrar boðleiðir, ábyrgð starfsmanna, hvernig við mætum þörfum nemenda, námsskilyrði, samstarf við stoðþjónustu s.s. sérfræðinga, heilsugæslu og félagsþjónustu.

Heildareinkunn gæðagreinis var **4,9**.

Styrkleikar: Góður starfsandi, nærumhverfið, sveigjanleiki í starfstilhögun, gott samstarf við sérfræðinga, samvinna og sameiginlegar ákvarðanir.

Veikleikar: Vantar fleiri verkferla og fylgja þeim eftir sem eru til staðar, agaleysi og skortur á afleiðingum, símar og bæta þarf skráningar í Mentor.

Tillögur um aðgerðir: Sérkennarar fari meira inn í bekki og sinni nemendum þar, meiri sóknarfæri í náms- og starfsráðgjöf.

Endurmenntun

Gerð var símenntunaráætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar, sem tekur mið af stefnu skólanna og þeirra þróunarverkefna sem eru í gangi hverju sinni. Á næsta skólaári verður áherslan á leiðsagnarnám, geðheilbrigðisfræðslu, skyndihjálp, uppbyggingarstefnu, byrjendalæsi og heilsueflingu starfsfólks. Ísafjarðarbær bauð í vetur upp á fjölbreytt námskeið fyrir alla starfsmenn í samstarfi við Akademias og var almenn ánægja með það, þar sem hægt var að taka þau rafrænt hvenær sem var og einnig boðið upp á sum námskeið á ensku. Þá buðu ADHD samtökin einnig upp á námskeið fyrir aðra en kennara, sem var virkilega vel þegið.

Samstarf

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er sett fram markmið um að hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða menntun, auka velferð, bæta lýðheilsu og efla þannig mannauð og atvinnulíf. Í framhaldi af þeirri vinnu var gerður grunnur að Menntastefnu Vestfjarða og aðgerðaáætlun sem skólinn tekur þátt í ásamt öðrum hagsmunaaðilum. Haldið var ungmennaping þar sem fulltrúar úr nemendahópi G.Í. tóku þátt. Fyrsta aðgerðaáætlun miðar að heildstæðri skólaþjónustu, sem byggð er á þrepaskiptum stuðningi sem styður við nám og farsæld barna og ungmenna. Einnig er miðað að virku nemendalýðræði á öllum skólastigum.

Aðbúnaður

Samkvæmt starfsmannasamtölum eru starfsmenn almennt ánægðir með aðbúnað sinn og nemenda. Það sem helst þarf að bæta er skólalóðin og komum við því á framfæri við fræðslunefnd, er hún kom í heimsókn til okkar á vordögum.

Reynt hefur verið að bregðast við öllum óskum starfsmanna ef eitthvað kemur upp og var sett upp mappa inn á sameign með óskum um útbúnað. Tekist hefur að verða við flestum beiðnum, en þó ekki öllum.

Samstarf heimila og skóla

Á síðastliðnum árum hefur tekist að endurvekja Foreldrafélag G.Í., sem þá hafði legið niðri í nokkur ár. Samstarf við foreldra hefur verið einstaklega gott í vetur og fundaði skólastjóri formlega með félaginu tvisvar á skólaárinu. Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði og voru þrír fundir þar í vetur, þar af einn opinn í fjarfundum.

Foreldrar voru boðnir sérstaklega velkomnir á opinn dag í skólanum þann 1. desember. Mæting var betri en nokkru sinni og fögnum við því. Í þetta sinn opnuðum við kaffistofu starfsmanna upp á gátt og buðum foreldrum upp á kaffi og piparkökur. Það er okkar tilfinning að það hafi orðið til að minnka bilið á milli okkar og munum við halda því boði áfram. Á vordögum buðum við foreldrum einnig að kíkja við og var einnig nokkuð góð mæting þá.

Því miður hefur gengið erfiðlega að fá svörun foreldra við Skólapúlsinum og var svörun einungis 67,8% þetta árið, en þarf að vera 80% til að teljast marktæk. Við sumum spurningum t.d. varðandi einelti komu aðeins 3-4 svör, þannig að við getum ekki birt niðurstöður. Skólastjórnendur hafa tekið þá ákvörðun að segja upp foreldrakönnun Skólapúlsins og ætlum við að gera okkar eigin kannanir, sem við getum lagt fyrir á foreldradegi eða öðrum slíkum degi til að tryggja sem besta svörun.

Samantekt

Í vetur eru nokkrir þættir sem hafa gengið virkilega vel í skólastarfinu.

- Innleiðing leiðsagnarnáms er komin vel á veg og höfum við trú á því að það hafi skilað sér í betra sambandi á milli nemenda og kennara.
- Aukning hefur orðið í mataráskrift og ánægja með mötuneytið aukist í takt við það.
- Foreldrasamstarf hefur aukist með virkni foreldrafélagsins og auknum heimsóknnum foreldra í skólann.
- Góður starfsandi og nýting mannauðar.

Nokkrir veikleikar eru helstir í skólastarfinu og verður tekið á þeim á næsta skólaári samkvæmt umbótaáætlun hér fyrir neðan. Helstu veikleikar eru þessir:

- Nýting á mötuneyti skólans er enn nokkuð undir landsmeðaltali.
- Niðurstöður Lesferils sýna að sjö árgangar eru undir landsmeðaltali.
- Taka þarf agamál fastari tókum.
- Samkvæmt Skólapúlsi er einelti langt yfir landsmeðaltali, þrátt fyrir fækkun tilkynninga til eineltisvarnateymis.
- Námsmat og endurgjöf er ekki nógu markviss og vantar nokkuð upp á nýtingu Mentor sem upplýsingatækis til nemenda og foreldra.

Það er ljóst að þættir eins og líðan, nám og agi eru verkefni sem alltaf er hægt að bæta og eru alltaf á oddinum hjá okkur og munu verða það áfram.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvernig	Viðmið um árangur
Mötuneyti	Að auka áskrift og ánægju	Nýbreytni á matseðlum og halda áfram að auglýsa mötuneytið upp með myndum	Vor 2024	Matráður og skólastjórnendur	Könnun á meðal foreldra	Fjölgun í áskrift
Lestur	Að ná landsmeðaltali í Lesferli	Sameiginlegt átak allra og meiri lestur, líka á skólasafni	Vor 2024	Skólastjórnendur, kennarar og starfsmenn skólasafns	Niðurstöður Lesferils	Landsmeðaltal í Lesferli
Agi	Að bæta aga allsstaðar í skólanum og virkja foreldra betur í samstarfi varðandi aga	Allir láti sig það varða, vikulegir bekkjarfundir og oftar ef þurfa þykir. Þróunarverkefni varðandi markvissa fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra	Vor 2025	Allir	Könnun á meðal foreldra og starfsmanna	Betri líðan allra og minna áreiti
Einelti	Að minnka einelti eins og hægt er og fylgja eineltismálum betur eftir. Hvetja alla til að tilkynna grun um einelti til eineltisvarnateymis.	Allir starfsmenn grípi inn í ef þurfa þykir og eftirfylgni sé markvissari og skýrari	Vor 2025	Eineltisvarnateymi	Kannanir á meðal foreldra	Betri líðan og færri tilkynningar
Námsmat og endurgjöf	Fjölbreyttara námsmat og markvissari endurgjöf	Allir kennarar nýti Mentor eins og hægt er og vinni skv. aðferðum Leiðsagnarnáms varðandi endurgjöf	Vor 2024	Skólastjórnendur og kennarar	Könnun á meðal foreldra og nemenda	Nýjar upplýsingar á Mentor varðandi stöðu nemenda